

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Ölfusi.

Mói, miðbæjarkjarni, nýtt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss 4. apríl 2024 deiliskipulag fyrir nýtt miðbæjarsvæði sem nefnist Mói. Deiliskipulagsbreytingin markar miðbæjartorg umkringt húsum sem hýsa ýmsa miðbæjarstarfsemi þar á meðal hótél. Íbúðir verða einnig á efri hæðum húsa sem geta orðið allt að 5 hæðir.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Vesturbyggð, 3. og 4. áfangi, óveruleg breyting á deiliskipulagi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss 4. apríl 2024 óverulega breytingu á skipulaginu Vesturbyggð, 3. og 4. áfangi í Þorlákshöfn. Breytingin felur í sér kostnaðarhagræðingu vegna gatnagerðar auk þess sem rými skapast til að bæta við þremur raðhúsum.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Hellisheiðarvirkjun, 19. breyting deiliskipulags – óveruleg breyting.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss 21. mars 2024 breytingu á deiliskipulagi vegna Hellisheiðarvirkjunar. Um er að ræða óverulega breytingu sem felur í sér að gerð er ný aðkoma aftan að stöðvarhúsi. Einnig er skilgreind lóð út frá lóð stöðvarhússins fyrir vatnstank.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Selvogsbraut 47, óveruleg breyting deiliskipulags.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss 21. mars 2024 breytingu á deiliskipulagi vegna Selvogsbrautar 47 í Þorlákshöfn. Breytingin felst í að byggingarreitur er stækkaður lítillega til suðurs auk þess sem bætt er við samliggjandi byggingarreit fyrir norðan húsið til að koma þar fyrir ruslageymslu fyrir íbúa.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Þorlákshöfn, 15. apríl 2024.

Sigurður Steinar Ásgeirsson,
skrifstofu- og verkefnastjóri umhverfis- og framkvæmdasviði.

B-deild – Útgáfudagur: 15. apríl 2024